


Mikilvægi jarðganga um Mikladal og Hálfán

Kjörnir fulltrúar og íbúar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar hafa unnið mikla vinnu við undirbúning íbúakosningar um sameiningu sveitarfélaganna. Áætlað er að kosningar fari fram í haust. Starfshópar hafa rýnt öll málefni sveitarfélaganna. Það er skýr niðurstaða allra framangreindra aðila að forsenda fyrir farsælli sameiningu sveitarfélaganna er jarðgöng um Mikladal og Hálfán. Umrædd jarðgöng tengja saman byggðakjarnana Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal. Góð tenging á milli byggðakjarna innan væntanlegs sameinaðs sveitarfélags er lykillinn að því að svæðið geti uppfyllt skilyrði þess að vera eitt búsetu-, þjónustu- og atvinnusvæði. Samstarfsnefndin hefur sammælt um staðsetningu jarðganga í samræmi við innviðagreiningu er unnin var fyrir Vesturbyggð 2019 og er því full samstaða um staðsetningu jarðganga á svæðinu.

Útflutningsverðmæti á svæðinu árið 2021 jafngiltu 27,8 milljörðum króna. Þau verðmæti fara vaxandi á komandi árum og er greitt aðgengi að mörkuðum undirstaða þess vaxtar. Afurðirnar eru fluttar eftir vegakerfinu suður um marga fjallvegi en engin jarðgöng eru á sunnanverðum Vestfjörðum. Um 25% íbúa svæðisins sækja nám og vinnu utan síns byggðarlags og þurfa því að fara daglega um fjallvegi allt árið. Jarðgöngin eru mikilvægur þáttur í allri atvinnuuppbyggingu á svæðinu, í samþættingu þjónustu og svo íbúar geti upplifað sig sem eina heild.

Samstarfsnefnd um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar leggur því til við Alþingi að í þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2024-2028 verði gert ráð fyrir að hafin verði vinna við hönnun jarðganga um Mikladal og Hálfán. Síðan verði gert ráð fyrir framkvæmd við gerð jarðganga um Mikladal og Hálfán í þingsályktunartillögu um stefnumótandi samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038. Vakinn er athygli á því að jarðgöng um Mikladal og Hálfán styður við og er í samræmi við þingsályktanir Alþingis, stefnu ríkisstjórnarinnar og ályktanir sveitarfélaga á Vestfjörðum. Það er lykilforsenda fyrir farsælli sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar að byggt sé upp eitt búsetu-, atvinnu- og þjónustusvæði innan svæðisins og því markmiði verður ekki náð án jarðganga um Mikladal og Hálfán.



Ýmsar staðreyndir

- Hálfán er einn hæsti fjallvegur landsins í 500 metra hæð yfir sjávarmáli.
- Miklidalur er fjölfarnasti fjallvegur Vestfjarða og getur verið „veðravíti“ ásamt því að veghalli þar er á köflum 12% sem er langt umfram viðmið.
- Rúmlega 80% íbúa veigra sér við að fara á milli byggðakjarna og finna fyrir miklum kvíða vegna samganga. Hlutfall kvenna sem finnur fyrir kvíða við þessar aðstæður er töluvert hærra en karla.
- Á árunum 2018-2022 var veginum um Hálfán lokað í 77 skipti og um Mikladal í 93 skipti vegna ófærðar, snjóflóðahættu, óveðurs eða stórhriðar.
- Efla þarf vetrarþjónustu í takt við þarfir atvinnulífsins.
- Um 50% af ársframleiðslu fiskeldis á Íslandi fór fram í sveitarfélögum tveimur árið 2022 eða um 24.700 tonn - útgefn leyfi á svæðinu eru 35.000 tonn.
- Árið 2022 voru útflutningsverðmæti eldis-afurða af svæðinu um 32 milljarðar króna sem er meira en heildarútflutningsverðmæti 2021.
- Áætlað er að framleiðslumagn í fiskeldi muni aukast úr 51.000 tonnum á árinu 2021 í 245.000 tonn árið 2032.
- Með þessari aukningu er gert ráð fyrir að söluverðmæti tengd sjókvíaeldi fari úr tæplega 44 milljörðum króna árið 2021 í 132 milljarða króna árið 2032.
- Vegirnir um Hálfán og Mikladal hafa verið dæmdir ónýtir af Vegagerðinni, bæði vegna ónýts burðarlags og slits á klæðningu.

Áhrif jarðganga

Fjórðungssamband Vestfirðinga fól KPMG að vinna samfélagslega greiningu um áhrif jarðgangagerðar á Vestfirðum árið 2021. Þar var unnið með tvo jarðgangakosti, annars vegar Hálfðán og Mikladal á sunnanverðum Vestfirðum og hins vegar á milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Þar voru tekin saman helstu áhrif jarðganga en þau eru eftirfarandi:

Samgöngur

Umferð

- Umferðaraukning með tilkomu jarðganga
- Tryggir innviðir til vetrarumferðar
- Nútímakröfur til bættra samgangna

Verðmætasköpun

Fiskeldi

- Einn grunnþátta til aukinnar verðmætasköpunar fyrir Ísland
- Innviðir til umferðaraukningar vegna flutningabifreiða
- Atvinnusköpun og margföldunaráhrif
- Laða að mannauð

Ferðapjónusta

- Heilsársferðapjónusta og heilsársstörf
- Dreifing álags um Ísland

Mannlíf og jafnrétti

Jafnrétti

- Jafna möguleika kynjanna og mismunandi hópa til atvinnu
- Styrkja atvinnumöguleika maka

Félagsstörf og menningarmál

- Aukinn fjölbreytileiki og framboð
- Íþróttaiðkun á öllum aldurstigum

Menntamál

- Aukin samvinna á leik- og grunnskólastigi
- Tengsl við mennta- og framhaldsskóla
- Aðgengi að sí- og endurmenntun

Atvinna, þjónusta og byggðapróun

Íbúa- og byggðapróun

- Viðsnúningur á neikvæðari íbúaþróun
- Efling byggðakjarna

Atvinnusókn

- Tenging Vestfjarða innbyrðis í sameiginleg atvinnusvæði
- Stöðugir flutningar og þjónusta, jafnt daga sem nætur, allt árið

Þjónustusókn

- Tenging í eitt þjónustusvæði með heilsárs aðgengi

Öryggi

Heilbrigðismál

- Aðgengi að heilbrigðisþjónustu allan ársins hring

Öryggi á vegum

- Vellíðan við akstur
- Koma í veg fyrir slys og tjón
- Ákall íbúa til bættra samgangna

Stefnur og markmið er styðja við gerð jarðganga um Mikladal og Hálfðán

Ríkið – framkvæmdavald

- Í fjármálaáætlun 2022-2026 kemur m.a. fram að ríkisstjórnin leggi áherslu á viðamikla uppbyggingu innviða samfélagsins, s.s. stórátak í samgöngumálum og aukin framlög til byggðamála. Kemur einnig fram undir kynja- og jafnréttissjónarmiðum að raunveruleg vinnusóknarsvæði kvenna virðist minni en karla en kannanir sýna að konur veigra sér frekar en karlar við að ferðast á fjallvegum og í hættulegri færð. Fyrir byggðapróun er ljóst að huga þarf sérstaklega að þörfum kvenna við skipulag og forgangsröðun framkvæmda í samgöngum, sér í lagi í dreifðari byggðum.
- Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að lögð verði áhersla á uppbyggingu öflugra og sjálfbærra sveitarfélaga sem hafa burði til að standa undir þeirri þjónustu sem íbúar eiga rétt á og að beitt verði fjárhagslegum hvötum til að stuðla að sameiningu.
- Einnig kemur fram í stjórnarsáttmálanum að móta eigi áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga.
- Þá segir í sáttmálanum að halda eigi áfram uppbyggingu og viðhaldi á samgöngukerfinu til að auka öryggi fólks á vegum úti, stytta ferðatíma og draga úr útblæstri í samræmi við loftslagsmarkmið. Tilteknum þjóðhagslega arðsömum framkvæmdum, sem bæta munu lífsgæði fólks og stækka atvinnu- og þjónustusvæði, verður flýtt á grundvelli fjölbreyttari fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila.
- Styttri vegalengdir milli búsetu-, þjónustu- og atvinnusvæða eru einnig í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og orkuskipti þar sem styttri vegalengdir minnka útblástur, styðja við fjölgun rafmagnsbíla ásamt því sem jarðgöng flýta fyrir orkuskiptum í þungaflutningum.
- Ríkið hefur samþykkt strandsvæðisskipulag Vestfjarða þar sem lagt er upp með uppbyggingu sjókvíaldis enda eru Vestfirðir eitt af fáum svæðum við strendur Íslands sem er hentugt fyrir fiskeldi í sjókvíum og er ekki friðað fyrir eldi laxfiska í sjó. Uppbygging sjókvíaldis krefst öruggra samgangna allan ársins hring frá Vestfirðum.

Alþingi – löggjafarvald

- Í þingsályktun um stefnumótandi byggðáætlun fyrir árin 2022-2036 kemur fram að byggðáætlun skuli hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla skal lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Vakin er athygli á því að byggðastefnan var samþykkt með öllum atkvæðum á þingi.
- Í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023 kemur fram sú stefna að ekkert sveitarfélag hafi færri en eitt þúsund íbúa og að auka eigi fjölbreytni í atvinnulífi um allt land og bæta forsendur fyrir jöfnum tækifærum sveitarfélaga óháð stærð og staðsetningu til sjálfsbærs vaxtar sem og að leitast verði við að styrkja atvinnugrundvöll í nýsameinuðum sveitarfélögum víða um land.

Fjórðungssamband Vestfjarða

- Fjórðungssþing Vestfirðinga hefur samþykkt jarðgangaáætlun Vestfjarða þar sem fram kemur að jarðgöng undir Mikladal og Hálfðán séu forgangsverkefni og ættu að vera ein framkvæmd.
- Fjórðungssambandið hefur einnig ályktað um að hraða yrði vinnu að gerð nýrrar jarðgangaáætlunar og að settar yrðu í forgang tillögur er koma fram í umræddri jarðgangaáætlun Vestfjarða, þ.á.m. jarðgöng undir Mikladal og Hálfðán í einni framkvæmd.